



Alþingi
Erindi nr. P 126/122
komudagur 16.11.2000

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15. nóvember 2000.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2000, óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 90. mál. Umsögn Samkeppnisstofnunar er eftirfarandi:

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með ákvæðum laga um neytendalán og telur stofnunin breytingar þær sem frumvarpið mælir fyrir um til bóta. Breytingarnar kveða á skýrari hátt um þær upplýsingar sem neytendur skulu fá áður en samningur er gerður og telur stofnunin slíkt jákvætt. Mikill misbrestur hefur verið á að neytendur fái slíkar upplýsingar t.d. um árlega hlutfallstölu kostnaðar en hún mælir heildarkostnað við lántöku og auðveldar neytendum samanburð mismunandi lánamöguleika.

Samkeppnisstofnun væntir þess að stofnunin verði höfð með í ráðum við samningu boðaðrar reglugerðar um framkvæmd við veitingu upplýsinga en einmitt þessi þáttur hefur valdið erfiðleikum við framkvæmd laganna.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis segir að verði frumvarpið að lögum verði ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Með vísan til þessa vill Samkeppnisstofnun benda á að stofnunin hefur aldrei fengið fjárveitingu til að standa undir kostnaði við eftirlit með lögum um neytendalán. Allt frá því að lögum um neytendalán voru sett á árinu 1993 hefur stofnunin að vanefnum reynt að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarp þetta hefur í för með sér sem og nýlegra breytinga á útreikningsreglum árlegrar hlutfallstölu kostnaðar telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að ráðist verði í kynningu fyrir neytendur og lánveitendur á ákvæðum laganna. Samkeppnisstofnun leggur áherslu á að stofnuninni verði gert kleyft að ráðast í slíka kynningu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar


Anna Birna Halldórsdóttir

Rauðarárstigur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569